

# Lög

## um breytingu á lögum nr. 84/2007, um opinber innkaup (innkaup á sviði öryggis- og varnarmála).

---

### 1. gr.

5. gr. laganna orðast svo:

Með fyrirvara um ákvæði 9. gr. gilda ákvæði XIV. og XV. kafla um innkaup á sviði varnar- og öryggismála sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2013. Að öðru leyti taka lögín ekki til slíkra innkaupa.

Ráðherra skal í reglugerð mæla fyrir um innkaup á sviði varnar- og öryggismála sem falla undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB, til samræmis við skuldbindingar íslenska ríkisins á sviði opinberra innkaupa samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og öðrum milliríkjasamningum. Í reglugerð skal jafnframt kveðið nánar á um réttarúrræði vegna slíkra innkaupa.

### 2. gr.

Á eftir orðinu „póstþjónustu“ í 2. mgr. 91. gr. laganna kemur: tilskipunar 2009/81/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála.

### 3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 102. gr. laganna:

a. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Innleidd er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála og um breytingu á tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2013 frá 14. júní 2013.

b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Innleiðing*.

4. gr.

Við lögin bætist nýtt fylgiskjal, II, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

**Breyting á tilskipun 2004/18/EB.**

Í stað 10. gr. tilskipunar 2004/18/EB komi eftirfarandi:

10. gr. *Samningar á sviði varnar- og öryggismála*

Með fyrirvara um [123. gr. EES-samningsins, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006] gildir þessi tilskipun um opinbera samninga, sem gerðir eru á sviði varnar- og öryggismála, að undanskildum samningum sem tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/81/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu reglna um útboð og gerð samningsyfirvalda eða samningsstofnana á tilteknum verksamningum, vörusamningum og þjónustusamningum á sviði varnar- og öryggismála gildir um.

Þessi tilskipun gildir ekki um samninga sem tilskipun 2009/81/EB gildir um skv. 8., 12. og 13. gr. hennar.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 16. maí 2014.*